

1860.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbein-
12. október. ingar og til auglýsingar fyrir þeim, sem hlut eiga að máli¹.

12. október. **60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
norður- og austurumdæminu, um skaðabætur til
stiptsprentsmiðjunnar í Reykjavík.**

Dómsmálastjórnin er nú búin að skrifazt á við stiptyfir-
völdin á Íslandi um bænarskrá þá, er þær hafið sagt álit yðar
um í bréfi dagsettu 2. febr. þ. á. Í bænarskrá þessari, sem
dagsett er 20. janúarmánaðar þ. á., hefir forstöðunefnd sú, sem
nú er fyrir prentsmiðjunni á Akureyri, sótt um eptirgjöf á þeim
400 ríkisdöllum, sem hin fyrri forstöðunefnd prentsmiðju þess-
arar, með hæstaréttardómi 24. nóvembermánaðar 1858, var dæmd
til að greiða stiptsprentsmiðjunni í Reykjavík, í skaðabætur fyrir
prentun og sölu á barnalærdómsbók Balles; en fáist ekki full
uppgjöf á fè þessu, er sótt um, að svo mikið af því verði upp
gefið, sem eptir verði, þegar búið sè að draga frá skaða þann,
sem prentsmiðjan í Reykjavík í raun og veru hafi haft á, að
bókin var gefin út.

Um þetta efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður
til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir beiðendunum, að dóms-
málastjórnin, samkvæmt tillögum stiptyfirvaldanna, leggur sam-
þykki sitt á það, að forstöðunefnd prentsmiðjunnar á Akureyri
sè álitin að hafa fullnægt hæstaréttardóminum 24. nóvember-
mánaðar 1858, ef hún greiðir prentsmiðju Íslands 200 ríkisdali;
en skyldi forstöðunefnd hinnar fyrnefndu prentsmiðju sýna und-
andrátt í því að greiða fè þetta, þá er prentsmiðjunni í Reykja-
vík geymdur réttur til hinna fullu skaðabóta, eins og þær eru
á kveðnar í dómnum.

1) Bæklingur „Um einkenni á mjólkurkúm“, eptir Guénon, er prent-
aður á Akureyri 1859. 8vo.